



Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu við Stapa og Hellna sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis sbr. [kafla 3.5.3.](#)
2. Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.10.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
3. Óheimilt að nota fjarstýrð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.10.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.
4. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds, sbr. [kafla 3.5.2.](#)
5. Óheimilt er að fara á hrossum innan friðlandsins á svæðum 2 og 3, [sjá töflu 1](#), sbr. [kafla 3.7.4.](#)
6. Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflí síður dýralíf og gesti sbr. [kafla 3.5.3.](#)
7. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hættu er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi sbr. [kafla 3.8.2.](#)